

Fyrsta peningastofnunin í Garðabæ

Hinn 3. þ.m. tók til starfa nýtt útibú frá Búnaðarbanka Íslands í yngsta kaupstað landsins, Garðabæ. Starfsvetvangur útibúsins miðast fyrst og fremst við sveit- arfélögin tvö, Garðabæ og Bessastadahrepp, en þar hefur ekki verið starfrækt áður sérstök peningastofnun, þótt fjölgun íbúa þar hafi verið hvað örust á landinu á undanföllum árum.

Tæpur áratugur er nú liðinn síðan Búnaðarbankinn sótti fyrst um leyfi stjórnvalda til að starfrækja útibú á þessum stað og var það loks veitt á s.l. ári. Bankinn



Útibússtjórnin og starfsfólk í afgreiðslusal.

festi kaup á hluta fasteignarinnar Sveinatungu við Vífilsstaðveg, en þar eru m.a. skrifstofur bæjarstjórnar til húsa.

Við opnun útibúsins ávarpaði Stefán Valgeirsson, formaður bankaráðs Búnaðarbankans nokkra gesti og færði hann Listu- og menningarsjóði Garðabæjar að gjöf eina milljón króna frá bankanum í telfni opunar útibúsins, en sjóður þessi var stofnaður þann 6. janúar s.l. á fyrsta fundi bæjarstjórnar hins nýja kaupstaðar. Í máli sínu lýsti formaður bankaráðs í stórum dráttum starfsemi og þróunarferli Búnaðarbankans og árnaði starfsfólki og viðskiptamönnum útibúsins heilla. Ólafur G. Einarsson, forselli bæjarstjórnar Garðabæjar þakkaði gjöfina og fagnaði tilkomu útibúsins, sem hann kvaðst sannfærður um, að verða mundi til styrktar og eflingar athafnaflí einstaklinga og fyrirtækja í kaupstaðnum. Ávörp fluttu þeir Halldór E. Sigurðsson, ráðherra Búnaðarbankans og Svavar Jóhannsson, hinn nýskipaði útibústjóri.

Svavar Jóhannsson er fæddur 13. október 1919, hann er einn af reyndustu starfsmönnum Búnaðarbankans, hóf fyrst störf sem sendill 1. janúar 1935, en frá 1940 eftir nám í Verzlunarskóla hefur hann verið fastaður starfsmaður bankans. Hann hefur starfað í flestum deildum bankans, lengst af sem fulltrúi í sparisjóðsdeild, en 1. janúar 1963 var hann skipaður skipulagstjóri bankans og hefur gegnt því starfi síðan.

Garðabúnaðarbankinn er 12. útibúið, sem bankinn starfrækir utan Reykjavíkur, en frá nokkrum þeimra eru reknar afgreiðslur á fámennari stöðum. Í Reykjavík rekur bankinn 5 útibú. Búnaðarbankinn er nú annar stærsti viðskiptabanki þjóðarinnar.

Starfsmenn verða fyrst um sinn auk útibússtjóra aðeins tveir, Gísli Helgason, gjaldkeri og Erla Hjartardóttir, bókarí.

ÞJÓÐVILINN

BÍÓ FYRIR BLAÐBERA

Laugardaginn 11. september verður sýnd í Hafnarbíói bresk-bandaríska kvikmyndin Jóladráumur („Scrooge“), sem byggð er á sögunni A Christmas Carol eftir Charles Dickens. Með aðalhlutverk fer Albert Finney. Þetta er svokölluð ævintýramynd í Cinemascope. Athugið að sýning hefst kl. 12.30, þar eð sýningartími er yfir 2 klukkustundir.

AFGREIÐSLA ÞJÓÐVILJANS

Blikkiðjan Ásgarði 7, Garðahreppi

Önnumst þakrennismíði og uppsetningu — ennfremur hverskonar blikksmíði. Gerum föst verðtilboð.

SÍMI 53468



Blómabúðin MÍRA

Suðurveri við Stígahlíð 45—47, sími 82430
Miðbæ við Háaleitisbraut sími 83590

Blóm og gjafavörur í úrvali